

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 5. janúar 2016 á Kjóavöllum.

2. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Helga Hermannsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj. Ragna Emilsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Sveinbjörn formaður kynnti tillögu frá reiðveganefnd að athugasemdum við deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar er reiðvegi varðar. Viðstaddir stjórnarmenn samþykkja að senda þessar athugasemdir til Skipulagsnefndar Garðabæjar.
3. Í Kópavogsblaðinu í desember var birt heilsíða um Sprett. Rætt um hugmyndir tengt því hvernig mögulegt er að gera Sprett sýnilegri inná heimilum í Garðabæ og Kópavogi, t.d. með fréttum og auglýsingum í bæjarblöðum. Sigurður skoðar þá möguleika fyrir næsta fund.
4. Félagshúsið. Fimm ungmenni hafa sótt um að leigja sér pláss í húsinu. Magnús framkv.stj. hefur umsjón með húsinu.
5. Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir stöðu verkefna sinna. Fór yfir dagskrá í reiðhöll og veislusal næstu vikur.
6. Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj. funduðu með forsvarsmönnum Garðabæjar og Kópavogs um umhverfismál. Áfram verður unnið að lausn á þeim málum.
7. Í janúar sendir gjaldkeri út greiðsluseðla vegna félagsgjalda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Helga Hermannsdóttir